

## 58. Stjórnarfundur Alnæmisbarna

Haldinn miðvikudaginn 12.mars 2008 kl.12 -13 að VGK-Hönnun, Laugarvegi 178.

Mættar: Hildur Gestsdóttir, Helga Tulínus, Ragna Karlsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir.

Fjarverandi: María J. Gunnarsdóttir, Bjarni Reyr Kristjánsson og Ingibjörg Guðlaugsdóttir.

Fundargerðir síðastu þriggja funda

Fundargerðir 55, 56 og 57 frá nóvember 2007 og janúar 2008 samþykktar.

Styrkveiting og peningaleg staða CLF

Þar sem það stóð til að leggja niður barnapössun CLF vegna fjárskorts ákvað Zontaklúbburinn Embla að styrkja starfsemina með 2000 dollurum sem er nægjanlegt fé fyrir allt þetta ár. Zontaklúbburinn styrkti barnastarf CLF með húsgögnum og leikföngum alveg í upphafi og hafa veitt styrk að upphæð kr. 100.000,- á hverju ári eftir það. Þeir ætla að senda styrkinn til gjaldkera Alnæmisbarna sem kemur honum síðan áfram til CLF. Ákveðið að senda hann ársfjórðungslega.

Yfirlit yfir fjármögnun CLF fyrir starfsemi sína er í stórum dráttum þessi:

ICEIDA í Kampala styrkir menntun stúlkanna innan CLF.

Alnæmisbörn styrkir menntun stúlkanna utan CLF eins og við nám í Kitetikaskólanum og greiðir jafnframt húsnæðiskostnað CLF.

Zontaklúbburinn Embla styrkir barnastarfið.

Kertasala CLF fer í dagpeninga fyrir stúlkurnar.

Launakostnaður starfsmanna er ekki leystur. CLF hefur sótt um styrki, en ekki er vitað hvort fengist hefur jákvæð svörun við umsóknunum. Aðalfundur

Ákveðið að hraða undirbúningi vegna fyrirhugaðs aðalfundar 3. apríl nk. Hildur ætlar að semja dagskrá og hún og Sigurlaug ætla að senda hana sín á milli. Síðan þarf að senda fundarboð til allra félagsmanna með tveggja vikna fyrirvara. Biðja þarf Rögnu að kanna með sal ISOR og panta hann á efirmiðdeginum þegar vinnu lýkur. Einnig að útvega veitingar við hæfi. Sigurlaug hefur samband við hana. Sigríður Baldursdóttir, mannfræðingur hefur samþykkt að halda erindi á aðalfundinum en hún er nýkomin úr heimsókn frá CLF þar sem hún gerði m.a. úttekt á stöðu smálánasjóðsins. Sigurlaug hefur samband við hana og kannar m.a. heiti á fyrirlestri hennar. Hún minnir jafnframt Maríu á skýrslu stjórnar og Bjarna á skýrslu gjaldkera. Heimsókn til CLF

Lögð áhersla á að farið sé sem fyrst út til Kampala til þess að gera úttekt á starfsemi CLF. Ár er liðið frá því síðast var farið í heimsókn en þá fóru þau Gestur og María. Í raun sé þörf á því að farið sé á ½

árs fresti. Þegar Erla Halldórdóttir naut við fannst henni lágmark að fara tvisvar á ári og stoppa svólítinn tíma í hvort sinn. Sigurlaugu var falið að hafa samband við Maríu til að kanna hvort hægt væri að festa tíma fyrir ferð til Kampala í apríl. Ekki þykir ráðlegt að bíða lengur eftir Gesti sem vitað er að verði upptekinn nær allan aprílmánuð í vinnuferðum erlendis. Annað

Kanna hvort Sigríður Baldursdóttir, mannfræðingur, geti komið á fund til okkar eftir að aðalfundi lýkur til þess að hjálpa okkur að meta betur áherslur okkar hjá CLF.

Mælst til að stjórn Alnæmisbarna hafi söfnun einu sinni á ári sem hluta af okkar starfsemi.

Sigurlaug Hauksdóttir

ritari stjórnar